

BORGARRÁÐ 16. desember 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um tekjutap vegna lækniheimsókna á vinnutíma – MSS21120222

Í svari við fyrirspurn Sósíalístaflokks Íslands um lækniheimsóknir á vinnutíma og styttingu vinnuvikunnar, dagsett 29. nóvember 2021 kom fram að leitast skuli við að lágmarka fjarveru vegna persónulegra erinda á vinnutíma þar sem starfsfólk geti sinnt þeim erindum í frítíma eftir að vinnuvikan hefur verið stytta. Ef því verður ekki við komið utan vinnutíma sé það stefna Reykjavíkurborgar að starfsfólk geti sinnt persónulegum erindum, eftir því sem aðstæður á starfsstað leyfi. Í slíkum tilvikum þarf starfsmaður ætíð að ráðfæra sig við sinn yfirmann. Í svarbréfi við fyrirspurninni kom fram að fjarvera vegna t.d. lækniheimsókna valdi ekki tekjutapi eða frádrætti frá föstum launum starfsfólks. Þetta passar ekki við veruleikann sem er uppi þar sem dregið hefur verið af launum eða dregið hefur verið af styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólki ef að persónuleg erindi falla ekki á þann dag sem styttingin er. Hver er því raunveruleg staðan í þessu? Hafa skilaboðin ekki skilað sér til allra stjórnenda starfsstaða?